



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1105*  
*komudagur 20.2.2012*

Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis  
Nefndasviði Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 20. febrúar 2012

## Umsögn um frumvarp til laga um menningarminjar þskj. 370 - 316. mál

Undirritaður hefur ásamt Þorsteini Tryggva Mássyni héraðsskjalaverði Árneseinga sett fram athugasemdir við frumvarp þetta í sinni fyrri gerð.

Þess skal getið að 25. maí 2011 sendi undirritaður nefndasviði Alþingis svohljóðandi skeyti:

Hinn 13. maí sl. sendi ég í tölvuskeyti til nefndasviðs Alþingis tvær sameiginlegar umsagnir okkar Þorsteins Tryggva Mássonar héraðsskjalavarðar Árneseinga um tvö frumvörp annars vegar til laga um skil menningarverðmæta til annarra landa og hins vegar til laga um menningarminjar þ.e. 649. og 651. mál og póstagði svo í síðustu viku undirrituð frumrit af þeim báðum á pappír.

Umsagnarbeiðnir nefndasviðs um þessi frumvörp bárust frá Kristjönu Benediktsdóttur í tveimur tölvuskeytum 2. maí sl. með umsagnarfresti til 5. maí, en tekið var tillit til athugasemdar Hrafnkels Lárussonar héraðsskjalavarðar Austfirðinga í tölvuskeyti þann sama dag við hinn skamma frest og frestur framlengdur samdægurs vegna beggja frumvarpanna í tölvuskeyti frá Kristjönu til 13. maí.

Vísað var á milli umsagna okkar Þorsteins í þeim tilgangi að komast hjá endurtekningum og var í því horft til þess að ráðherra fékk leyfi forseta þingsins til þess að mæla fyrir báðum frumvörpunum í einu. Í umsögn við 651. mál komu fram ábendingar um alvarleg vandkvæði við hugtakanotkun í frumvarpstextanum, en látið var nægja að vísa til þess sem þar stóð í umsögninni við 649. mál.

Nú er búið að afgreiða 649. mál af hálfu Alþingis með samþykkt frumvarpsins, en það vekur athygli að í nefndaráliti um frumvarpið (þskj. 1462) er getið þriggja manna sem nefndin hefur fengið á sinn fund málsins vegna og svo segir að umsagnir hafi borist frá Fornleifavernd ríkisins og Þjóðminjasafni Íslands. Umsagnar okkar Þorsteins er ekki getið. Því hlýt ég að spyrja hvort umsögn okkar hafi borist nefndinni.

Þessu var svarað ljúfmannlega, talið sennilegt að um mistök við ritun nefndarálitsins hefði verið að ræða og málinu var vísað til ritara nefndarinnar. Meira hefur undirritaður ekki heyrt af því.



Á fundi héraðsskjalavarða með stjórnendum Þjóðskjalasafns Íslands 5. desember 2011 í Þjóðskjalasafni Íslands kynnti Eiríkur Þorláksson sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu frumvarp til laga um opinber skjalasöfn og nefndi að frumvarp til laga um menningarminjar hefði ekki verið afgreitt á 139. löggjafarþingi. Nefndi hann í óspurðum fréttum að athugasemdir við það frumvarp hefðu verið „einstrengingslegar“. Var augljóst að átt var við athugasemdir okkar Þorsteins.

Lokaorð umsagnar okkar Þorsteins Tryggva Mássonar frá 12. maí 2011 um frumvarp til laga um skil menningarverðmæta til annarra landa (þskj. 1151 – 649. mál), nú lög nr. 57/2011 hljóðar svo:

Þetta frumvarp ætti ekki að verða að lögum án veigamikilla grundvallarbreytinga. Sé ekki fært að skapa jafnræði milli minja-, listaverka, bóka- og skjalavörslu væri athugandi að fella þá þætti er varða skjöl og skjalasöfn undir lög um opinber skjalasöfn.

Á þetta einnig við um það frumvarp sem hér er fjallað um.

Um inntak hinnar „einstrengingslegu“ umsagnar héraðsskjalavarðanna tveggja er þetta að segja:

Mikilvægt þykir að hugtakanotkun í löggjöf sé skýr og lúti agaðri hugsun við hæfi fagmanna en sé um leið gagnsæ og skýr allri alþýðu manna, fremur en á einhverju torskildu sértungumáli eða einhverskonar volapyk ráðuneytismanna af því að þeir hafa allranáðarsamlegast ákveðið að óskýr hugsun við orðanotkun skuli viðhöfð.

Mikilvægt þykir að leiða hugann að hagsmunum íslensku þjóðarinnar og stefnu í sambandi við endurheimt íslensks menningararfs þegar kemur að svona löggjöf.

Mikilvægt þykir að kalla eftir því að gert sé yfirlit um sögu og lagalega stöðu þessara mála með tilliti til íslenskrar löggjafar og alþjóðasáttmála af utanaðkomandi sérfræðingum (ekki starfsmönnum stjórnsýslunnar) til að leggja til grundvallar svona löggjöf.

Mikilvægt þykir að benda á þýðingarvillur og augljós mistök við að taka upp úr evrópskum og erlendum rétti inn í íslenska löggjöf.

Auðvitað kann að vera erfitt fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið þegar gagnrýnd eru vinnubrögð þar við ritun og mótun löggjafar. En að það hafi þau áhrif að ekki sé tekið tillit til athugasemda, af einskærri þykkju yfir að bent hafi verið á það, er óviðunandi og skilar ekki þeim árangri sem ætlunin er væntanlega að ná með umsagnarferli.

Þykkju ráðuneytismanna var getið í umsögn okkar Þorsteins um frv. á síðasta þingi bls. 8-9 og það stutt með fylgiskjölum.

Hægt er að spara sér tíma og fyrirhöfn við að rita umsagnir ef ástandið er orðið þannig að þegar ráðuneytið hefur talað þá sé málinu lokið. Ýmsar



spurningar vakna um löggjöf, löggjafarvald, fagmennsku og tilgang umsagnarferlis.

Greinargerðir með frumvörpum eru textar án tilgreinds höfundar, að mestu án tilvísana til heimilda og texta um efnið sem nýttir eru við ritun þeirra. Í því felst skortur á aga, og jaðrar á köflum við rit- og hugmyndastuld. Þetta veldur ógagnsæi, þingmönnum og öðrum sem vilja kynna sér málin er haldið í myrkri og geta átt erfitt með að sjá í gegnum greinargerðir þ.e. hagsmuni, tengsl, upphaf viðhorfa og á hverju byggt er og fá þar með ekki leiðbeiningar eða tæki til þess að gagnrýna eða sökkva sér ofan í einstaka þætti frumvarpa. Í krafti þessa geta nafnlausir höfundar skammtað þekkingu og hafa frjálsar hendur, geta jafnvel dregið fjöður yfir það sem þeim hentar ekki að komi fram, m.a. gloppur í eigin þekkingu. Umsagnaraðilar bæta að jafnaði ekki úr þessu nema þeir eigi beinna hagsmuna að gæta því þeirra framlag er launalaust og augljóslega ekki alltaf velkomið.

Loks skal vísað til umsagnar héraðsskjalavarða Kópavogs og Árnesinga um frumvarp til laga um menningarminjar þskj. 1153 - 651. mál á 139. löggjafarþingi og umsagnar hinna sömu um frumvarp til laga um skil menningarverðmæta til annarra landa þskj. 1151 - 649. mál á 139. löggjafarþingi, þær eru enn fullu gildi og voru sendar menntamálanefnd 12. maí 2011.

Virðingarfyllt,

Hrafn Sveinbjarnarson,  
héraðsskjalavörður Kópavogs